

## AUGLÝSING

### um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Lundur við Nýbýlaveg, Kópavogi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin varðar breytingu á texta í greinargerð svæðisskipulagsins varðandi fjölda íbúða í Kópavogi vestur sem kemur fram í töflu nr. 3.1 á bls. 47. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir að íbúðarfjöldi í Kópavogi vestur (byggðasvæði 15) verði 8.850 árið 2024 í stað 8.300.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 7. október 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum um færanlegan þrýstibúnað, nr. 762/2001.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IV. viðauka:

- a. Í stað orðanna „vottorðinu um EB-gerðarprófun“ í lið 1. aðferðareiningar D í I. hluta kemur: vottorðinu um EB-gerðarprófun eða vottorðinu um EB-hönnunarprófun.
- b. Í stað orðanna „vottorðinu um EB-gerðarprófun“ í lið 3.1 aðferðareiningar D í I. hluta kemur: vottorðinu um EB-gerðarprófun eða vottorðinu um EB-hönnunarprófun.
- c. Í stað orðanna „vottorðinu um EB-gerðarprófun“ í lið 3.2 aðferðareiningar D í I. hluta kemur: vottorðinu um EB-gerðarprófun eða vottorðinu um EB-hönnunarprófun.

#### 2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. og 34., 35., 38. og 47. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum til innleiðingar á tilskipun nr. 2002/50, um tæknilega aðlögun á tilskipun ráðsins nr. 1999/36/EB, um færanlegan þrýstibúnað, sem vísað er til í 6. lið b. VIII. kafla II. viðauka og 17. liðar f. og 42. liðar c XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og þeim var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 106/2003.

*Félagsmálaráðuneytinu, 9. október 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*